

Ed.

262. Lög

um breyting á lögum nr. 27, 27. júní 1921, um aukatekjur rikissjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz).

1. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa, vöruskipa og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, sem skipin eiga að fá hér á landi, skal greiða kr. 1,25 af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $\frac{1}{2}$ smálest eða þar yfir ber að telja heila smálest, en sleppa því sem er minna en $\frac{1}{2}$ smálest. Gjald þetta skal greiða á hinn fyrstu höfn á landinu, er skipið tekur til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki í land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi greiða gjald á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarovotta.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða kr. 1,25 gjald af hverri smálest á fyrstu höfn er þau taka, þó ekki nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 65 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.